

PER, PAG. 1000. V.

A. E. 1907

HEIMIR



ÚTGEFENDUR

Nokkrir Íslendingar i Vesturheimi



I. ár.



WINNIPEG, MAN.


PRENTSMIÐJA G. JÓNSSONAR, 656 YOUNG ST.

39

MCMIV

2-23

I



EFNISYFIRLIT.

| | Bls. |
|--|------------------------|
| Aðsent (ritgjörð) eftir Vox..... | 56--57 |
| Aðsent (vísa) eftir St. S. | 88 |
| Ánægjuleg jólanótt (smásaga) eftir Sophus Schandorph | 115--119 |
| Ávarp frá útgáfunefndinni..... | 48, 79 |
| Brotinn á bak aftur (kvæði) eftir Viðar..... | 58 |
| Channing, W. Ellery (aldarlýsing með mynd) | 121--127 |
| Efnisyfirlit Heimis (júlí 1904--1. jan. 1905)..... | III.--IV. |
| Eiður Hypemnestru (kvæði) eftir Mána..... | 43--46 |
| Eliot, C. W. (æfíágrip með mynd)..... | 136--138 |
| Eliot, S. A. (æfíágrip með mynd)..... | 138--140 |
| Faðirinn (smásaga) eftir Björnstjerne Björnson..... | 85--87 |
| Félagsmálin | 45--47, 71--76, 89--96 |
| Flúrlist (kvæði) eftir Þorst. P. Þorsteinsson..... | 127--128 |
| Gleðileg jól..... | 113 |
| Grafarabankar (kvæði) eftir Viðar | 135 |
| Háskólaríff á miðöldunum | 24--33 |
| Heimir | 5--7 |
| Hjátrú (brot úr „De Superstitione“) Plutarch .. | 87--88, 98--100 |
| Hringhenda (vísa) eftir Viðar..... | 58 |
| Hugleiðingar..... | 15--16, 79 |
| Hverju trúir þú? Eftir Bjarna Lyngbott..... | 37--38 |
| Inngangsorð..... | 2--3 |
| Í bónðabeygju (kvæði) eftir Þorst. P. Þorsteinsson | 65--66 |
| „Íslenzkur Unitari“..... | 76--78 |
| Kyrkjuklukkan (þýtt kvæði) eftir Mána..... | 39 |
| Kyrkjuping | 19--23 |
| Leitin (kvæði) eftir Kristinn Stefánsson | 1 |

IV

| | Bls. |
|--|------------|
| Milli lesmáls og Ijóða (kvæðaflokkur) e. St. G. St. 81-4, III-12 | 12 |
| Miskunnsami Samverjinn | 64 |
| Ofsóknir, eftir James A Fronde..... | 78--79 |
| Ótrú, eftir Camille Flammarion..... | 34--37 |
| Parker, Theodore (æfiágrip með mynd)..... | 129--135 |
| Ríki dagblaðanna, eftir Max Nordau | 40--42 |
| Ræða (á Unitarasamkomu) eftir Stefán Thorson | 66--71 |
| Samkomukvæði, eftir Porst. Erlingsson | 97--98 |
| Sem lundglaður fugl (kvæði) eftir Mána | 57 |
| Skiftiblöð og tímarit (Aldamót) | 101--109 |
| " " " (Eimreiðin) eftir B. P..... | 80 |
| Smágreinar (Everet, Plutarch, Roosevelt) | 62-64, 100 |
| Staka, eftir Viðar..... | 23 |
| Stjarnan míð (kvæði) eftir Kristinn Stefánsson..... | 114 |
| Strandvísur, eftir Styrkár Véstein..... | 49 |
| Söfnuðurinn í Clay Cree Village, eftir Mark Tain | 50--55 |
| Tunglskins-sonata Beethovens (smásaga) eftir Anonymus | 59--63 |
| Vilrúnar (kvæði) eftir Viðar..... | 119--120 |
| Vísur (skilnaðarminni til G. Á.) e. Kristján Stefánsson | 110 |
| Vorsins dís (kvæði) eftir Kristinn Stefánsson | 17--18 |

HEIMIR

I. ÁR.

* WINNIPEG, MAN. 15. JÚLÍ 1904. *

NR. I.

LEITIN.



Þeir mæna allir upp að tindum fjallsins,
þeim öllum virðist heyri þeir til kallsins.
Um fjallsins vættinn, konginn huldu-heima,
þá hefir verið sí og æ að dreyma.

Um óra-vegu augað fjarlægð mælir,
og ágizkunin sínu verki hælir.
Hver rati bezt, þeir ræða öllum dögum,
og rifja' upp margt úr fjallsins kynja-sögum.

Þeir segjast heyra kongsins röddu klingja
í kletta-beltum og í hraunum syngja;
hún launum heiti hverjum þeim, sem klifar
á hæsta tindinn og þar nafn sitt skrifar.

Og þau eru' alt, sem ágjörn sálin þráir,
af öllu því, sem reikull grunur spáir,
og sæla mest.— Í hverju hún er falin
ei hefir ennþá borist nið'r í dalinn.

þeir komast skamt, þeir lenda' í aur og urðum
og eru' að hrapa þar með veikum burðum.
þá greinir á um áttir, vöð og vegi,
á vestur-leið, þá halla tekur degi.

En sama röddin óþreytandi ómar,
úr eyði-pögn í stormi lífs hún hljómar;
hin sama' er þráin, þreytu heitur sveitinn,
og þrauta-gangan— eilíflega leitin.

KRISTINN STEFÁNSSON.

INNGANGSORD.

Það er sjálfsagt skylda allra þeirra, er setja af stað nýtt blað, að gjöra grein fyrir því, í hvaða tilgangi það sé gjört, og eins hinu, hvað það sé, er fólk er beðið að kaupa og styrkja með á-skrifendagjaldinu. Enda er ekkert á móti því, að þeirri skyldu sé gegnt, úr því svo mörg blöð eru nú þegar gefin út á íslenzku, að þörfn virðist fremur leita í þá áttina, að þau fari fækkandi en ekki fjölgandi. Það er því ekki nema sanngjarnt að krefjast þess, að hvert blað gjöri grein fyrir tilveru sinni um leið og það hefur göngu, þótt ekki verði á móti því borið, að margt bæði dautt og lisandi byltist svo fram og aftur um heiminn, að það virðist líttin tilgang hafa eða alls engan, og þess vegna sé ekki í öllum tilfellum jafn ríkt eftir þeirri kröfum gengið.

Það, sem vakti fyrir stuðningsmönnum þessa fyrirtækis með því að koma á fót riti þessu, var það, sem er á allra manna vitوردí, að hversu mörg sem blöðin hafa gjörst á meðal vor Íslendinga, þá er þó ekki eitt einasta þeirra enn sem komið er, er tekið hefr á dagskrá trúmál í þeim skilningi, að ræða þau hlutdrægnislaut og leitast fremur við að fræða menn í þeim efnunum en tefja rannsókn þeirra. En það er mál, sem ætti þó að sæta meiri eftirtekt hjá oss. Ef það er nauðsynlegt fyrir vora þjóðarlegu velgengni, að vér fáum kynst sem bezt sálarlífí erlendra þjóða, svo vér fáum með því auðgað vort eigið sálarlíf, þá ættum vér ekki að vera þau börn, að álítta að slíkt væri hægt, og þó ganga fram hjá trúarbrögðunum. Satt er það, að í bókmentum hverrar þjóðar kemur í ljós hennar andlega líf, en ef trúmálaritin eru þar undan þegin, þá er fyrst og fremst gengið fram hjá stórum hluta bókmentanna, og svo í öðru lagi yrði stór hluti þess, sem eftir væri skilinn, óskiljanlegur vegna þess, að hann er svo nátengdur trúarhugsjónum þeirra, er rituðu.

Útgefendurnir hugsa sér því að taka trúmál til íhugunar í riti þessu, rannsaka þau eftir því sem kringumstæður leyfa, og að leitast fremur við að útskýra þau en fella á þau nokkurn dóm, en láta menn heldur dæma þar um fyrir sig sjálfa. Það er að anda og stefnu hinnar unitarisku kristindómsskoðunar, þeirrar einstu trúmálastefnu, er haldist hefir getað í hendur við mentalega og andlega framför síðastliðinnar aldar, þeirrar stefnu er vér Íslendingar höfum ósjálfrátt hneigst að, og er nú langt um útbreiddari á meðal vor, en orð er á gjört. Vér Íslendingar höfum til þessa verið alt of feimnir að meðganga þann sannleika; enda heyrt margar raddir hrópandi og heitandi á menn, að varast þau firm, að líða skipbrot á trú sinni. Vér erum sjómanna og víkinga þjóð og kunnunum því manna bezt að meta að varanir slíkar. En fæstum dylst þó, að betra sé „að setja“ og eiga það á hættu, að líða skipbrot, en láta skúturnar hvolfa alt af kyrrar í naustinu, með því líka að það er ekki stór hætta á, að svo þyrfti að takast til. Það hefir aldrei verið minst á það af nokkrum manni, að vér höfum liðið bókmentalegt skipbrot, þjóðmálalegt eða hagfræðislegt, þótt vér höfum gjört einhverjar breytingar í þeim efnum, er oss máttu miða til gagns. Hví er þá hættan brýnni í trúmálastefnunni? Þá grillu óttast ekki útgefendurnir, og þeir ætla því „að setja“.

Með því að trúmál eru óaðskiljanleg öðrum málum, þá hafa útgefendurnir jafnframt hugsað sér að láta rit þetta flytja greinar fræðandi og skemtandi efnis um ýmisleg mál, eins og tekið er fram á boðsbréfinu.

Mörg eru þau kvæðin til, sem ekki eru minna fræðandi og skemtandi en langlokur ýmsar, er samdar eru. Í þeim felst vanalegast kjarni þess, sem hugsað er á einu eða öðru tímabili þjóðanna, og þótt fjölda mörg þeirra íslenzku ljóða, er tilföldast sjást nú á prenti, séu fremur „subiectiv“ og tilkomulítil, þá eru þó menn, er komast út fyrir sitt eigið, ÉG og það hér á meðal

vor. Þeir menn hafa lofað að styrkja rit þetta, og útgefendurnir ætla engu þar um að heita, hversu það verður af hendi leyst. Almenningur er þegar orðinn þeim mönnum svo kunnugur, að frekari málalenging um þá þýðir ekkert.

Að efingu pólitískra flokksmála ætlar rit þetta sér ekki að vinna, en ritgjörðir um stjórnsmál og anda þann, sem er ríkjandi í ýmsum lagaákvæðum og framsóknar baráttu hinna mentuðu þjóða, mundi það gjarnan kjósa að geta flutt, en lofar þó engu um það, því það verður að vera undir atvikum komið, hvert nokkuð þessháttar fæst. Það eru ekki allir vaxnir því verki, að rita um þau mál, svo í lagi sé, enda kannske lítil krafa gjörð í þá átt enn sem komið er. Vanalegast endar alt á „Fjórðu bæn“ að viðauknu „Fyrsta boðorðinu“.

Æftíagrip merkra manna, smásögur og ýmsar fleiri ritgjörðir, er kunna að berast oss, vonumst vér eftir að rit þetta flytji, ef því endist aldurinn til, en það er algjörlega undir því komið, hverjar viðtökurnar verða. Útgefendurnir bera það traust til almennings, að þótt hann sé um fátt spurður af því, sem gjört er, þá fái hann þó ráðið því, að kaupa það og borga, geðjist honum að því, og geti það orðið til uppbóta nokkru því, er nú er ábótant í blaðaheimi vorum, geti það orðið nokkrum til uppörvunar og styrktar í þeirri seinsförunu og vegalausu eftirleit, sem margur hefir ráðist í fylgdarlaust.

Stórmervi og kraftaverk býðst HEIMIR ekki við að afreka, en fylgd getur hann boðið, þann starfa hefir hann af hendi leyst áður.

HEIMIR.

FLESTAR hinar eldri og merkari sagnir vorar hafa við söguleg rök að styðjast. Þær eru annað hvort ótvíraðileg frásaga orðins hlutar, er segja frá öllu eins og það gekk til, eða þær tengja hina ytri atburði sögunnar innra dómsorði og tilfinningum, er eftir á hafa skapast hjá þjóðinni sjálfri út af atvikum þeim, er sagan greinir frá. Þannig, um leið og þær eru saga, eru þær og sálarlýsing þjóðarinnar á því tímabili, er þær eru skrifadaðar á. Um leið og þær skýra frá bardögum og mannfalli, þá segja þær og frá sálarstríði og fálli manna frá þeim hugsjónum, er þeir eitt sinn elskuðu og eru ekki enn þá hættir að sakna.

Oftast á þetta sér þó stað í smásögum þeim, sem fléttadaðar eru inn í aðal söguþráðinn. Þar er eins og sagnaritarinn lyfti tjaldinu um stund, og sýni inn í hinn andlega heim þjóðarinnar, hvað þar sé að gjörast, hverju þar sé fagnað, hvers saknað og þráð, þess er umliðið er. Þar sér maður þjóðina hugsandi og dreymandi til hálfis um sína eigin sekt, eins og maður sér hana starfandi blint og hugsunarlauost í aðal-frásögunni. Þar er og dómsorðið kveðið upp og —en þar í er fólginn sorgarleikurinn sjálfur— þar er dóminum fullnægt.

Að þetta sé innihald og tildrög sumra þessara sagna er eðlilegt. Á því tímabili, er þær eru sagðar, er nógur langur tími liðinn til þess hægt væri að bera saman liðna og yfirstandandi tís. og meta ávinning þann, er hlotnast hafði með skiftunum.

Enda skilja menn umliðna hluti bezt eftir á, þegar fram líða stundir. Meðan bardagamóðurinn er svo mikill, að menn gæta hvorki hófs né handa, gæta ekki þótt þeir berjist móti sinni eigin gæfu og yfirgefi forna frægð og heill. Meðan tvær hliðar sækja jafn djarft eftir sigrinum, er ekki hugsað til estirkastanna. Það er eftir á, að menn fara að skilja. Það er eftir á, þegar hefndarverkin eru unnin, að menn fara að sakna þess, er áður var, en nú er á brott— liðið á brott eins og dagurinn í gær eða sem næturvaka.

Pegar vígamóðurinn er runninn af, koma eftirþankarnir. Í endurskini þess umliðna bregður skuggum þess yfirstandanda enn virkilegar yfir dalinn. Þá verða fleiri feiknstafrir í landi, en áður voru þar, fegurðarljóminn daprari, og unaðarraddir heimahaganna breytast í bergmál frá framliðinna haugum. Skuldagarnir eru komnir. Þeir nefndu þá nornadóma til torna.

Þá er rifjað upp aftur hið umliðna. Atvikin taka á sig persónugervi. Saga ógæfunnar er sögð í líkingum og dæmisögum. Söknuðurinn er vafinn í lánleysishjúp atreksmannsins, en blindnin og ástríðurnar, hylling flærðar og glisfágunar, er öllum óheillum olli, er falin í mannúðarleysi og launvígum nfðingsins.

Margar slíkar smásögur finnast í sögum vor Íslendinga að fornu.

Sumar þessar sögur eru sameiginlegar með oss og þeim hinnum öðrum þjóðum, er af sama bergi eru brotnar og vér. Enda er það ekkert ósennilegt, að margt hið sama hafi á daga þeirra drifis og vora, því margt er líkt með skyldum. Þær hafa háð hið sama stríð og vér, og það löngu á undan oss. Þær hafa hins sama að minnast, frá hinu sama að segja og hins sama að sakna.

Merkilegust allra slíkra sagna er saga Heimis úr Hlymdöllum. Þá sögu eiga allar hinar germönsku þjóðir, þótt hún sé fyrst færð í letur hjá oss. Hún segir svo átakanlega en þó svo fáort frá endalokunum, er hin norðlæga menning og hin suðræna síðfágun áttust við. Og í þessum fáu orðum kveður við undirtónn, er segir þúsundfalt meira en nokkur orð fá lýst—deyjandi strengjahljóð horfnnar gleði, sem er óðum að fjarlægjast út í geiminn.

Sem ungmenni, er „veita . . . at margr verðr af öðrum api“, komu hinar norðlenzku þjóðir fram úr mörkinni og horfðu ofan yfir hin blómlegu Suðurlönd, heillaður af töfrablæ þeim og allsnægtum inunaðar og sælu, er þar virtist rískja yfir öllu. Byrjar þá stríðið milli hinna norrænu mannkosta og hinnar suðrænu síðfágunar—stríðið, er endar með eyðileggingu hvorstveggja.

Rínareldurinn er sóttur og fluttur heim, en bein hinna eldri kynslóða eftirskilin hvítna ofanjarðar í geislum suðrænnar sólar sunnan hinna himingnæfandi Mundíu-fjalla. En með gullinu, sem heim er flutt, koma nýir síðir.

Trygðrof og eiðrof, ný trú og nýtt tímabil hefir fæðst Suðrænan er komin, og hefir lagt lönd og þjóðir í læðing. Útlit náttúrunnar er breytt, eins og stynji hún undir álögum. Hið eina er getur minnt á, að landið sé hið sama og áður var, eru haugarnir fornu, er þar höfðu verið orpnir öld eftir öld frá ómunu tið.

Þegar svo er komið, lætur söknuðurinn fyrst til sín heyra. Harpan grætur þá fyrst „grimmu forlögin, er gengu yfir hennar ætt,” og segir frá, hversu hinn síðasti fulltrúi hins forna síðar fluttist úr landi á fjarlægan stað, meðal fjarlægra þjóða, og gróðursetti þar hinar fornu hugsjónir, er hann hreif frá eyðileggingunni.

Pannig er saga Heimis úr Hlymdöllum. Hún er kveinstafur hverfandi frægðar, hugsjóna og lífsskoðana, er flýja urðu ætt og óðul og eftirkilja þjóðina, er þær hafði fætt, tómhjartáða og tilgangslausa í öllum andlegum skilningi. Heimir yfir gefur Hlymdali. Bergmál dalanna hans er þagnað, hlymurinn hættur. Fóstra hans er látin. Afkvæmi hennar flytur hann á friðhelgan stað, að það blómgist á ný meðal norrænna þjóða.

Það er einstaklings frelsið.

UPPRISAN.

Eftir
LEO TOLSTOV.

39. KAP.

DÝFLISSU-KYRKJAN. — „BLINDIR LEIÐA BLINDA.“

Guðsþjónustan byrjaði.

Hún var innifalin í þessu. Presturinn, þegar hann hafði klæðst afkáralegum og mjög óviðfeldnum. Flískum skornum úr gullnu klæði, tók nokkra brauðmola raðaði þeim á disk, skar þá í smábita, tíndi þá ofan í staup fyllt víni og þuldi á meðan fyrir munni sér ýms nöfn og bænir. Meðan á því stóð, las djákninn slavneskar bænir, er í sjálfu sér voru lítt skiljanlegar, en hálfu

óskiljanlegri fyrir það, hvað þær voru hratt lesnar, og svo söng hann þær frá enda til enda ásamt bandingjunum. Innihald bænanna var mest megnis árnaðar óskir til keisarans og hans húss. Þessar fyrirbænir voru marg endurteknar hver út af fyrir sig og svo í sameininingu með öðrum bænum; á meðan kraup allur mágurinn. Auk þess las djákninn nokkur vers úr Postulanna gjörningum í reglulegum meðhjálpararóm, svo ómögulegt var að fylgjast með einu orði af því, er hann las, en því næst tók presturinn við og las skýrt og skilmerkilega kafla úr guðspjalli Markúsar, er hljóðaði um það, er Kristur, eftir að hann hafði risið upp frá dauðum og áður en hann fór til himna til að setjast við hægri hönd föðursins, fyrst sýndi sig Marju frá Magdolum, af hverri hann hafði útrekið sjö djöfla, og svo þeim ellefu lærisveinum sínum og boðið þeim að fara og kenna fagnaðarerindið öllum þjóðum, og bætti presturinn við, að hver sá, er ekki tryði því, myndi fyrifarast, en sá, er tryði því og væri skírður, myndi hólpinn verða og einnig geta útrekið djöfla, læknað fólk með handayfirlagningum, talað ókunnum tungum, tekið upp höggorma, drukkið eitur án saka, en verið jafngóður eftir.

Aðalkjarni guðspjónustunnar var fólginn í átrúnaði þeim, að brauðmolarnir, er presturinn bitaði niður og létt í vínid, yrðu að holdi og blóði guðs, þegar búið væri að handleika þá og blessa yfir þeim.

En með þeim hætti urðu molarnir að vera handleiknir, að presturinn, með jöfnu millibili, ýmist fórnaði upp höndunum, eða létt þær falla niður, og átti hann þó ervitt með hvorttveggja vegna gullna skrúðans, er hann var í. En aðal athöfnin var þó fólgin í því, að hann tók dúk, hélt í tvö horn honum og veifaði honum hægt og seint upp og niður yfir silturdiskinum og gullstaupinu. Það var trúin, að á þeirri stundu yrði brauðið og vínid að holdi og blóði. Þess vegna var og sá hluti athafnarinnar framinn með þeirri stökstu lotningu.

„Vegsömuð sé sú sæla hreinleikans og heilagleikans móðir guðs, „hrópaði presturinn þar næst innan frá því gullna millibili, er aðskildi þann hluta kyrkjunnar frá hinum fremri, og í því byrjaði kórinn að syngja í lotningarfullum róm, að það væri skyldugt að vegsama hina heilögu mey, er alið hefði Krist án

Þess að miðsa þar við meydóm sinn, og fyrir það bæri henni stærri lotning en fjölda Kerúba og meiri vegsemd en fjölda Serafa.

Að því loknu var efnabreytingin álitin fullgjör, og tók þá presturinn dúkinn, er lá yfir diskinum, skar síðan brauðmola þann, er lá í miðið, í fjóra hluti, dýfði bitunum í vínið og stakk upp í sig. Með því var álið, að hann hefði kyngt skamti af guðs lískama og nærst á hans blóði.

Par næst dró presturinn til hliðar fortjaldið, opnaði miðdyr millipilsins og tók gullstaupið í hönd, gekk fram úr dyrunum, og heim, er æsktu þess, bauð hann einnig að meðtaka guðs lískama og blóð, er í væri bolla heim, er hanu héldi á.

Nokkut börn færðu sig innar, sem óskuðu þau að fá að bragða á staupi prestsins.

Þegar hann hafði spurt börnin að heiti, sökti hann spæni í bollann og færði upp í spónblaðinu með mikilli varasemi brauðmola gegndropna af víni, og færði lengst ofan í kok hverju barni, en djákninn strauk heim um munninn og söng við gleðilag, að nú hefðu börnin etið guðs lískama og drukkið hans blóð. Að því búnu snýr presturinn sér við og fer aftur inn á bak við millipilið með bollann í hendinni, og át þar alla bitana, er eftir voru líkamans, og saup blóðropana síðustu úr staupinu, saug kampinn, strauk sér um munnin, og með svo röskum skrefum gekk hann fram úr dyrunum aftur, að kálfskinns-stígvélin hans buldu og brökuðu.

Aðal hluta þessarar guðspjónustu var nú lokið. En sökum þess, að hann langaði til að veita hinum ólánsömu föngum umbun nokkra og hughreystingu, lengdi hann nú guðspjónustuna með annari, er var á þessa leið: Hann færði sig nú upp að líkneski nokkru, er tákna átti í mynd guðs þess, er hann hafði verið að eta, gullslegnu, svörtu um höfuð og hendur, uppljómuðu með tugum logandi vaxkerta, og byrjaði þar að tóna og syngja eftirfylgjandi orð í annarlegum og óviðfeldnum róm.

„Jesú ljúfasti, vegsamaður af postulunum, Jesú, prísaður af píslarvottunum, almáttugi konungur, frelsa mig, Jesú minn frelsari. Dýrðlegasti Jesú, ver heim miskunsamur, er ákalla þig, frelsari Jesú. Bænfæddi Jesú, alla þína dýrðlinga og alla þína

spámann frelsa og gjör meðtækilega fyrir himnanna, dýrð, Jesú ástvinur manna."

Er þessu var lokið, dró hann djúpt andann, signdi sig, laut til jarðar, og gjörðu allir slíkt hið sama — umsjónarmaðurinn, dýflissuverðirnir, bandingjarnir, en að ofan frá, þar sem bandingjarnir stóðu, barst nú hlekkjahljóðið enn skýrara en áður, meðan á þögninni stóð.

En því næst byrjaði hann aftur.

„Englanna skapari og máttarins drottinn.
Jesú dásamlegasti, englanna undur.
Jesú volvugasti, forfeðra vorra endurlausnari.
Jesú ljúfasti, Patriarkanna vegsemd.
Jesú dýrðlegasti, konunganna megin.
Jesú bezti, spámannanna fullkomnum.
Jesú undursamlegasti, píslarvottanna styrkur.
Jesú lítillátasti, munkanna unaður.
Jesú miskunsamasti, prestanna ljúfur.
Jesú gjafmildasti, föstunnar líknari.
Jesú allra ljúfasti, réttlátra gleði.
Jesú hreinlifasti, einlífismanna skírlifi.
Jesú fyrir allar aldir syndaranna frelsari.
Jesú, sonur guðs, miskuna þú mér.“

Í hvert skifti og hann endurtók orðið „Jesú“ varð rómur hans enn skräckhljóðaðri en áður. Loksins lauk hann við, og í því tók hann í skóklaði silkikuflsins, er hann var í, færði hann undir hönd sér, féll á annað hnéð, grúsfði sig til jarðar, og byrjaði þá kórinn að syngja, og endurtók upp aftur og aftur orðin „Jesú, miskuna þú mér.“ Bandingjarnir ýmist félru fram eða risu á fætur, hristu hárstrýið, er eftir var óskorið á höfðum þeirra, aftur af enninu, og hringluðu í hlekkjunum, er skáru og mörðu ökla þeirra, horaða og máttvana.

Þessu fór fram um hríð.

Fyrst var byrjað á „Lofgjörðinni“, er enti á orðunum „miskuna þú mér“, og svo tók við annar lofsöngur, er enti á „Hallelúja“, og bandingjarnir krossuðu fyrir sér, bændu sig og krupu niður, fyrst við hverja setningu, þar næst við aðra hvora

og síðast við hverja þriðju. Allir urðu stórfegnir, þegar „lof-gjörðunum“ var loksins lokið, og presturinn, um leið og hann andvarpaði, lokaði bókinni og hvarf á bak við milliþilið.

Síðasti þátturinn var nú að eins eftir. Presturinn sneri sér að bordi, er þar stóð, tók upp stóran róðukross og gekk með hann fram í miðja kyrkjuna.

Fyrstur gekk umsjónarmaðurinn fram, laut krossinum og kyssti hann. Næstir honum komu dýflissuverðirnir og síðast bandingjarnir, stjakandi og brígzlandi hverir öðrum í hálfum hljóðum. Presturinn þrýsti nú hönd sinni og krossinum ýmist á munn þeim eða nasír, þar sem þeir trúðust hver um annan um, að geta snert hvorttveggja með vörunum, því hann tók nú ógjörla eftir, hvað gjörðist, af því hann var farinn að ræða við umsjónarmanninn.

Þannig lyktaði þá þessari kristnu guðspjónustu, er æthuð var til huggunar og leiðréttigar þessum afvegaleiddu bræðrum.

40. KAP.

HÝÐI TRÚARBRAGÐANNA.

Og engir þeirra, er þarna voru viðstaddir, virtist hafa hina minnstu meðvitund um það, að sá Jesús, sem presturinn svo inargost ákallaði og lofaði svo óaflátanlega með öllum þessum glamuryrðum, hefði fyrirboðið einmitt þá hluti, er þarna voru framdir; að hann ekki eingöngu hefði bannað alla þá ónytju marginaelgi og sértinga-svívirðu, er flutt var yfir brauðinu og víniðinu, heldur og líka með berum orðum aftekið í alla staði, að menn kölluðu nokkurn meðbræðra sinna drottinn eða gengju í musterin til þess að gjöra bæn sína þar, en skipað öllum að biðjast fyrir á afviknum stað, án alls oflætis; að hann hefði aftekið öll slík musteris smíði, þar sem hann segðist vera kominn til þess að niðurbrjóta þau, því að hver og einn ætti að tilbiðja guð, ekki með háum höllum, heldur í anda og í sannleika; en umfram alla hluti, að hann hefði fyrirboðið ekki að eins það, að menn skyldu dæma menn, setja þá í myrkvastofu, ofbjaka þeim og myrða, eins og hér átti sér stað, heldur og einnig að menn mættu sýna nokkrum hinn allra minnsta ójöfnuð, því hann sagð-

ist vera kominn til þess að leysa þá, er biði í böndum, og frelsa þá, er fangnir væri.

Að alt það, er hér fór fram, væri það mesta guðlast, virtist engum koma til hugar, er viðstaddir voru, né og hitt, að með því væri Kristur spottaður og honum sýnd hin naprasta fyrirlitning, sem þó var alt í hans nafni gjört.

Það var eins og enginn áttandi sig á því, að upphleypti, gullni róðukrossinn, sem presturinn rétti að fólkini til að kyssa, væri að eins eftirlíking gálga þess, er Kristur var festur á fyrir það, að formæla samskonar athöfnum, og hér voru framdar.

Sú hugsun flaug engum í huga, er þar voru nærstaddir, að prestar þeir, er þættust eta og drekka líkama Krists og blóð með því, að neyta nokkurra brauðmola og víndropna, í raun og sannleika ætu líkama hans og drykkju hans blóð, þó ekki væri í víni og brauðmolum, heldur með því að táldragar „þessa smælingja“, sem hann sjálfur líkti sér við, með því að firra þá allri heill, en undiroka þá eymd og kvölum, með því að fela fyrir þeim þau fagnaðarerindi, er hann kom til að boða öllum mönnum.

Presturinn gjörði sína vísu með værustu samvizku, því frá barnsbeini hafði honum verið kennt að skoða þá trú hina einu réttu, er allir hinir fornu dýrðingar höfðu haft, og kyrkjan hélt við enn og keisaravaldið skipaði. Hann trúði því ekki, að brauðið yrði að holdi, né að það væri lífsskilyrði fyrir sálir manna, að tóna öll þessi orð, né því, að hann hefði virkilega gleypit nokkurn hluta guðs. Því gat enginn maður trúð. En hann trúði því, að það væri skyldugt, að við hald a þessari trú. Það, sem styrkti hann mest í þeirri skoðun, var það, að með því að uppfylla kröfur þeirrar trúar, hefði hann nú í síðastliðin 18 ár notið allgóðra tekja, svo að hann hafði getað framfleytt sér og sínnum á sómasamlegan hátt, látið sín sinn stunda háskólanám og sent dóttur sína á „prestdætraskólann“.

Rétttrúnaður djáknans var mikil á sömu leið og prestsins, að því einu undanteknu, að hann var stórum sterktrúaðri á nytsemi kyrkjunnar en presturinn. Hann var fyrir löngu búinn að gleyma öllu innihaldi játninganna og trúaratriðanna, en mundi nú að eins orðið bænirnar fyrir framliðnum og sálumessurnar og að hvort um sig var vissu verði selt, er allir sannkristnir menn

greiddi reiðilega. Þess vegna var það líka hans stærsta unun, að hrópa „Miskuna þú, miskuna þú“ o. s. fr., þegar að því kom Og með þeim sömu rólegheitum og trúnaðartrausti, og þegar menn eru að selja kartöflur, blóm eða brenni, las hann og sagði alt, er honum var fyrirskipað.

Umsjónarmaðurinn og dýflissuverðirnir, þótt þeir hefði al-drei skilið þýðingu „dogmanna“ eða þess, er fram fór í kyrkjunni, né lagt sig fram um að rífa sundur ritningarnar, trúðu því, að þeir væru skyldugir að trúá, sérstaklega vegna þess að hin æðri yfirvöld og keisarinn sjálfur tryði. Þar að auk fannst þeim (þótt ekki væri þeir menn til að gjöra grein fyrir á hvern hátt), eins og þessi kyrkjulegi síður réttlætti fyrir heiminum þeirra grimmúðga atvinnuveg. Ef trú þessi hefði ekki verið til, þá hefði verið stórum erviðara fyrir þá, og máske alveg ómögulegt, að verja kröftum sínum í þjónustu mannlegra hörmunga og það með góðri samvizku.

Umsjónarmaðurinn var of hjartagóður maður til þess, að hann hefði getað lífað við það styrktarlaust frá trúarinnar hálfu. Þess vegna var það líka á meðan söngurinn um Kerúbana var sunginn, að hann stóð hreyfingarlaus og með trúarauðmýkt ýmisist hneigði höfuðið eða signdi sig. Hann reyndi sitt ístrasta til að verða reglulega snortinn, og svo þegar börnin höfðu sakramentast, greip hann eitt þeirra í fang sér og hóf það upp frammí fyrir prestinum.

Meiri hluti bandingjanna trúði því, að gullnu líkneskjunum, skrúðunum, kertunum, staupunum, krossunum og þessum ó-skiljanlegu orðum „Jesú ljúfasti...“ og „miskuna þú...“ fylgdi einhver dularfullur kraftur — kraftur, sem gæti látið manni hlotnast margvísleg þægindi bæði þessa heims og annars.

Að eins fáeinir sáu berlega svik þau og svívirðu, er framin var gagnvart fólkí því, er virkilega hafði þessa trú. Og í hjarta sínu hæddu þeir allann þann skrípaleik. Því mágurinn, er reynt hafði upp aftur og aftur að ná öllum þeim gæðum, er fáanleg eiga að vera, bæði með bænagjörðum, sálumessum og brennandi blysum, en engin þeirra hlotið (bænum þeirra verið ósvarað), var alveg sannfærður um það, að það væri að eins einhverjum óhöppum að kenna, að þeim hefði ekki lukkast það betur, og að

þessi heilaga stofnun, er bæði væri erkibiskupunum og þeim há-skólagengnu svo velþóknanleg, væri í eðli sínu ómissandi og fyrir öllu, þó ekki fyrir þetta líf, þá að minnsta kosti syrir hið tilkomanda.

Þýðing sú, er hér fer á undan, er brot úr sögunni „Upprisan“ eftir Tolstoy greifa. Sú saga er talin stórfenglegust allra sagna hans, og hefir hann þó margar ritað, er snert hafa almenn mál, og það jafnan hlutdrægnislaust, eins og þau hafa komið honum fyrir sjónir. Enda er það hvað merkilegast við þetta gamla mikilmenni, að hann segir aldrei öðruvísí frá. Þess vegna hefir hann og fengið marga óvini, því það er sjaldnast selt dýrt, að hatast við menn og það fyrir litlar sakir. En þrátt fyrir alla hatursmenn hans og ofskónara hefir honum aukist virðing að makgleikum, unz að nú er komið svo, að hann einn ægir kúg-uninni og harðstjórnarvaldinu á Rússlandi svo, að það þorir ekki að snerða hann sínum minnsta fingri. Hann segir þar öllum til syndanna, háum og lágum, og þeim fer, eins og viða þekkist til annarsstaðar, þeir reyna að þegja alt fram af sér, en koma honum í óvinsældir og fyrirlitningu. „Metropolitaninn“ í Moskow lagði á hann bann kyrkjunnar (það var um sama leyti og síra Hafsteinn fór heim), og nokkrar undirtyllur biskupsins hafa breitt það út síðan, að hann væri ekki allsgáður.

Af því vér vitum, að margir Íslendingar hafa heyrt Tolstoys getið, og hafa þegar lesið margt eftir hann, en hafa frekar gjört sér hugmynd um hann sem óákvæðinn og „óháðann“ frelsisglamrar, en að hann væri sannarlegur umbótamaður, eins og hann ei, þá kom oss til hugar, að þeim myndi þykja gaman, að lesa þetta brot úr „Upprisunni“, þótt það taki ekki breiðara yfir. Það sýnir að minnsta kosti það, að hann álitur ekki skyldu sína, að þegja frekar yfir því, sem aflaga fer innan kirkju en utan. Enda virðist það eitthvað ömurleg skoðun. Hleypidómarnir og hræsnin eiga engan meiri rétt á sér syrir altarinu en í réttarsalnum. Hvortveggja eiga að vera helgir staðir, þar sem þeim býsnum tveim sé byggt út.

Það er að ætlun vorri, að ekki muni öllum gefjast að sögu-kafla þessum, en það sé já huggun þeirra, að hann er eftir Tolstoy og um kyrkjuna í Rússlandi.

EITT hið allra nauðsynlegasta hverjum manni er það, að hann eignist sannfæringu, en ekki það, að hann verjist að sannfærast um nokkurt miál. Án þess er hætt við, að æfistarfið verði heldur slitrótt, og það verði æði margar nýjar bætur á gömlum flíkum. Því þar sem ekki er sannfæringar vottur fyrir, þar er aldrei farsællega starfað.

Aldarhátturinn á meðal lægri stéttar manna er nú um þessar mundir sa, að happadrýgst sé, að slá engu föstu, því með því geti enginn lagt á menn nokkur bönd. Af þesskonar hugmyndum er alveg fullt, og hver sögufróður maður getur fullvel skilið, hvernig á því stendur. Það eru skoðanir, er lifðu og ríktu hjá þeim, er lengst komust nú fyrir tvö hundruð árum síðan, en í hinni áframhaldandi menningarbaráttu þjóðanna hafa orðið að rýma fyrir nýrri og betri hugsjónum, unz nú er komið svo, að þær eru komnar niður til þeirra, er á lægstu tröppunum standa, eða þeir upp til þeirra, hvort sem maður heldur vill nefna það.

Pegar vissum skoðunum farnast svo, þá um leið tapa þær sínu forna gildi. Í sjálfu sér er það fullnægjandi dómur yfir þær, að þær hafa orðið að víkja, og ekki getað gagnað í fram-sóknarbaráttu tilverunnar. En svo er það í öðru lagi, að með því að hætta að vera leiðarstjarna hugsandi hluta mannfélagsins og falla niður í mannfélagsgrómið, afskræmast þær svo, að þótt að efni til séu þær að nokkru leyti það sama, þá fá þær á sig annan blæ, koma fram á ný í glishjúpi og gífur-mælum, og verða sem andlegar portkonur á hinum óæðri torgum heimsmenningarinnar. Það helgar því ekki þessar skoðanir, hversu þær hafa verið, né hvers þær hafa verið, afkoma þeirra sýnir, að þær eru orðnar einkis verðar nú.

Pannig sér maður, hvernig gengur til í trúarbragðaheiminum. Alt af stöðugt falla fornu hleypidómarnir dýpra og dýpra. Og nú er óhætt að fullyrða, að þeir séu flestir komnir ofan í mannfélagsgrómið.

Jafnvel uppáhalds flíkur gömlu orthodoxíunnar eru nú farnar að stássa að eins utan á svertingjakroppunum í Afríku, svo að „það hylur valla götin göt á garmskinnonum“, nema því að eins, að þeir fari að fá sér eitthvað annað til að vera í, svo eru þeir búnir að ganga nærrí sér.

Hið sama má segja með svo ótal margt fleira.

Pannig er forna hugmyndin, er lá til grundvallar fyrir hegningarlögnum, alveg horfin nema hjá þeim, er standa neðstir á mannfélags tröppunum. Áður var það álítið, að fyrir hvert brot, er glæpamaðurinn framdi, ætti hann að taka út og líða sem svarði þeim glæp, er hann hafði drýgt. Nú er þá hugsun hvergi að finna nema í útskúfunarkenningu kyrkjunnar og æði skrifslsins, er myrðir og kvelur sakamenn án dóms og laga. Meðolin til þess að afstýra lagaleysi og eymd í heiminum eru viðurkennd að vera þau, er taka fyrir glæpina, en ekki þau, er hegna. Það er að útrýma hjá þeim ólánssama viljanum til hins illa, en gróðursetja astur þar viljann til hins góða. — Skoðunin á glæpnum er nú orðin sú, að hann sé ekki þeim, er fremur, til ábata, heldur mannfelaginu til tjóns, þess vegna hlýtur hugmyndin að hverfa alt af betur og betur, að sá seki skuli borga. „Auga fyrir auga og tönn fyrir tönn“ er nú horfið úr öllum lögum, nema Mósesar.

Það, sem mönnum yfirsést svo mikil með, er einmitt þetta, að hvað svo sem þessi eða hin skoðunin eitt sinn kann að hafa verið, sé hún ekki jafn göfgandi nú og áður, þá verður hún að víkja og á að víkja. Það er öfug aðferð, að vilja þekkja alt af rótunum. „Af ávoxtunum skuluð þér þekkja“ það. Menn voru eitt sinn á borð við apa, en apinn er þeim engin fyrirmund nú, eða fæstum, l. s. g. g.

Sannfæringarleysið er banvæni, hvar sem það kemur fram, því það dregur svo mikil úr vilja mannsins til dáða og ærlegheita. Hann missir sjónar á samferðamönnunum, á mögulegileikunum til sameiginlegrar nytsemi og, sem verst er, á lífsskyldunni sjálfri. En því miður er þó alt of mikil til af þeim hugsunarhætti. Að binda sér ekki bagga með því að hugsa, sneiða sig hjá félagsmálum, verjast að hafa sjálfstæða skoðun á nokkrum máli, svo að menn þori að halda þeim fram, það er heldur á-nægjulegt. En svo að vera sáróánægður með það, sem aðrir segja, sáróánægður með það, er þeir gjöra, og loks sáróánægður yfir að lifa,— það er karlmennska.

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Ísleudingum í Ameríku; kemur át 18 sionum á ári og kostar \$1 árgangurinn. — Utanáskrift til ritstjórnar blaðsins er:

Heimir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.

Útsendingu og innheimtu Heimis annast Björn Pétursson, 603 Fury st., og eru allir út-sölumenn og kaupendur rítsins beðnir að snúa sér til hans því viðvikjandi.

Prentari: Gísli Jónsson, 658 Young st. Winnipeg Man.